

Til sveitarstjórna á Íslandi

Reykjavík, 6. maí 2018

Tilvísun ÞÍ: 2017100492/4.5

Meðferð kjörskrárstofna vegna kosninga til sveitarstjórna 26. maí 2018

Með bréfi þessu berast sveitarstjórnnum 3 eintök af kjörskrárstofni vegna kosninga til sveitarstjórna sem fara fram 26. maí n.k. Um sveitarstjórnarkosningar gilda ákvæði laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu gilda lög um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.

I. Kjörskrárstofnar og kosningaréttur

Kjörskrá er gerð samkvæmt 2. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna og eiga allir þeir kosningarétt til sveitarstjórna sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- Eru íslenskir ríkisborgarar.
- Eru 18 ára þegar kosning fer fram.
- Eru skráðir með lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi þremur vikum fyrir kjördag, 5. maí 2018.

Á kjörskrá eru einnig danskir, finnskir, norskir og sænskir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í þrjú ár samfelld fyrir kjördag og aðrir erlendir ríkisborgarar sem átt hafa lögheimili hér á landi í fimm ár samfelld fyrir kjördag, enda fullnægi þeir að öðru leyti framangreindum skilyrðum.

Íslenskir ríkisborgarar sem stunda nám á hinum Norðurlöndunum sem þurft hafa að flytja lögheimili sitt þangað vegna ákvæða samnings Norðurlandanna um almannaskráningu, glata ekki kosningarétti sínum. Þjóðskrá Íslands hefur breytt fyrirkomulagi vegna skráningar námsmanna á Norðurlöndunum á kjörskrá. Námsmenn á Norðurlöndunum þurfa nú að tilkynna það rafrænt til Þjóðskrár Íslands að þeir séu námsmenn til þess að verða teknir á kjörskrá fyrir sveitarstjórnarkosningarnar, sbr. kynningarbréf Þjóðskrár Íslands til sveitarfélaga dagssett 7. febrúar s.l.

II. Kjörskrárstofnar, sbr. 4. – 9. gr. laga nr. 5/1998

Sveitarstjórnir sjá um að kjörskrár séu gerðar en Þjóðskrá Íslands gefur út prentútgáfu kjörskrárstofna til afnota fyrir sveitarstjórnir. Á hverri blaðsíðu koma fram upplýsingar um heiti sveitarfélags, kjörstað og kjördeild (hafi þær upplýsingar verið skráðar í kjördeildarkerfinu), auk blaðsíðunúmers innan sveitarfélags og raðnúmers kjósanda. Skjaldarmerki Íslands er staðsett efst í hægra horni hverrar blaðsíðu og er svartlitað, gráir rastar afmarka leslinur og heimilisföng eru feitletruð.

Á kjörskrárstofni eru eftirtaldar upplýsingar um kjósendur skráðar:



sbr. 11. gr. laganna. Jafnframt skal tilkynna hlutaðeigandi kjörstjórn um leiðréttingu á kjörskrá.

a) Niðurfelling einstaklinga af skránni

Sveitarstjórn skal strika með bleki yfir línu (nafn og persónuupplýsingar) þeirra sem hún fellir af kjörskrá vegna leiðréttingar, og um leið gefa til kynna með skammstöfun framan við hlutaðeigandi nafn, hver sé ástæða útsrikunar. Útsrikunum og skammstöfun þeirra skal haga sem hér segir:

1. Skammstöfun: “**†**” (krossmerki): Einstaklingur á skránni er látinn.
2. Skammstöfun: “**e. ísl.**”: Einstaklingur á skránni er ekki ísl. ríkisborgari. Viðkomandi ranglega talinn íslenskur ríkisborgari á skránni, enda sé ekki um að ræða erlendan ríkisborgara með kosningarétt.
3. Skammstöfun: “**mist.**”: Mistök við samningu kjörskrár.

b) Einstaklingar sem bætast á skrána

Einstaklingar sem bætast á skrána vegna leiðréttingar, ritast á milli lína meðal íbúa viðkomandi húss. Skal á þeim stað í kjörskránni, þar sem kjósandi ætti að vera, rita aftan við hlutaðeigandi heimilisfang: „*sjá viðb.*“ Ekki er gert ráð fyrir að sérstök viðbótareyðublöð þurfi til leiðréttinga.

IV. Framlagning kjörskrár

Þegar sveitarstjórn hefur lokið yfirferð sinni um kjörskrárstofninn og samningu kjörskrár er þar með lokið, skal hún undirrituð í samræmi við 7. gr. laga nr. 5/1998, þ.e. af oddvita sveitarstjórnar eða framkvæmdastjóra hennar.


Kjörskráin skal liggja frammi almenningi til sýnis í 10 daga fyrir kjördag, frá 16. maí 2018, sbr. 9. gr. laga nr. 5/1998. Nægilegt er að staðfest endurrit sé lagt fram, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

V. Annað

Öll kjörskráreintök, sem tekin eru í notkun, skulu fá sömu meðferð að því er varðar leiðréttingar og áritanir.

Ef sveitarstjórn þarf á fleiri en 3 kjörskráreintökum að halda, skal hún snúa sér til Þjóðskrár Íslands.

F.h. Þjóðskrár Íslands


Arný Guðrún Ólafsdóttir
Sérfræðingur

Afrit:

Sent öllum sveitarstjórnnum